



# Skýrsla um innra mat Glerárskóla

2020 - 2021

## Gæðaráð Glerárskóla

Eyrún Skúladóttir

Guðrún Þóra Björnsdóttir

Helga Halldórsdóttir

Hólmfríður Guðnadóttir

Lára Gunnarsdóttir

Sveinn Leó Bogason

Tómas Lárus Vilbergsson

10. ágúst 2021

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Ytra mat	4
Aðgerðaráætlun gæðaráðs Glerárskóla 2020-2024	5
Langtímaáætlun um innra mat	6
Skólapúlsinn	8
Skólapúlsinn nemendur	8
Áætlun um innra mat á skólastarfi	10
Símenntunaráætlun Glerárskóla 2021-2022	12
Umbótaáætlun innra mats Glerárskóla 2021-2022	12
Lokaorð	16

## Inngangur

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi og þar með markmið innra mats, er að tryggja að starfsemi grunnskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla. Innra mati er ætlað, skv. aðalnámskrá grunnskóla 2011, að auka gæði skólastarfs og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á skv. lögum. Innra matinu er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og umbætur.

Markmið Glerárskóla með innra mati er að stuðla að umbótum sem bæti skólastarfið og efli skólaþróun.

Mikilvægt er að skólastarfinu sé vörðuð leið að þeim markmiðum sem aðalnámskrá og skólanámskrá segja til um. Með innra mati í Glerárskóla er unnið að því að endurskoða og meta skólastarfið jafnt og þétt og gera umbætur í framhaldi af því.

Matið þarf því að gefa upplýsingar um hverju þurfi að breyta eða bæta til að skólinn nái þeim markmiðum sem hann hefur sett sér í stefnu skólans. Með innra mati er leitast við að auðvelda forgangsröðun þeirra verkefna og umbóta sem fyrir liggja og efla þá styrkleika sem fram koma í mati á skólastarfinu.

Viðmið skólans eru að umbætur skili 90-100% ánægju/árangri meðal starfsfólks og/eða nemenda og viðmiðum Menntastefnu Akureyrarbæjar.

## Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Skólanámskráin og starfsáætlun eru grundvöllur innra mats skólans. Markmið með mati er að fylgjast með því hversu vel skólinn nær þeim markmiðum sem þar eru sett fram.

Markmið skólans eru *að allir nemendur nái framförum í námi með viðeigandi náms og kennsluáðferðum, að störf kennara endurspegli stefnu og markmið skólans, að starfsfólki líði vel og sé ánægt í vinnunni og að góð samskipti séu við alla aðila skólasamfélagsins.*

Markmið er að kerfisbundið verði allir helstu þættir skólastarfsins metnir á 3.-5. ára fresti. (Sjá langtímaáætlun).

Í Glerárskóla er leitast við að vinna að innra mati skólans á sem fjölbreyttastan hátt. Það er gert með því:

- að gera matsáætlun
- að nota mismunandi matstæki og ólíkar matsaðferðir

- að fá sem flesta í skólasamfélaginu til að taka þátt í matsvinnunni
- að vinna að umbótum í skólastarfinu út frá viðmiðum Menntastefnu Ak. bæjar.

Með innra mati ætlum við í Glerárskóla að ná fram umbótum sem leiða til betra skólastarfs, betri námsárangurs nemenda og almennrar ánægju starfsfólks, nemenda og foreldra.

Glerárskóli byggir sjálfsmat sitt á Gæðagreinum. Matslíkan sem er skoskt að uppruna og byggir á áralangri þróun. Gæðagreinar 2 sem skólinn vinnur eftir byggir á 9 lykilþáttum auk gæðagreina sem skólinn býr til og byggir á sérstöðu skólans. Þegar skólastarfið er metið með aðferðum gæðagreinnanna er auðvelt að átta sig á hvar svaranna við lykilspurningum um skólastarf er að leita. Gæðaramminn gefur skýra mynd af því hvaða matsþætti taka þarf til skoðunar í skólastarfinu þegar á þarf að halda. Annar styrkleiki matskerfisins er sá að auðvelt er að búa til nýja gæðagreina sem snúa að sérstöðu hvers skóla eða breyta viðmiðum um gæði í einstökum gæðagreinum til aðlögunar fyrir markmið skólastarfsins og viðmið Menntastefnu Akureyarbæjar. Á heimasíðu Árskóla eru upplýsingar um Gæðagreina 2.

<http://www.arskoli.is/is/moya/page/gaedagreinar-2>

Á skólaárinu var ákveðið að nýta matstækið BravoLesson til að auðvelda okkur vinnu við umbótaáætlanir. Farið var rólega af stað, unnið með einn gæðagreini og SVÓT greiningu.

## Ytra mat

Haustið 2017 fór fram ytra mat Menntamálastofnunar á Glerárskóla. Stöðu umbóta vegna ytra mats má finna á

<https://drive.google.com/drive/folders/1q4nwT9oVboQzPvSSddiXKamanuRYfovM>

## Aðgerðaráætlun gæðaráðs Glerárskóla 2020-2024

Matsverkefni	Hvernig á að gera/meta?	Hver sér um matið?	Þátttakerur í matinu?	Viðmið – hvenær erum við ánægð	Hvenær á að meta?
<b>Einkunnarorð Hugur- hönd - heilbrigði</b>					
<b>Ánægja og líðan nemenda</b>	Tengslakannanir Skólapúls Eineltiskönnun Olweusar Nemendaviðtöl	Kennarar Deildarstjóri Námsráðgjafi	Nemendur	100% nemenda ánægðir eða mjög ánægðir. Líðan góð. Einelti undir 4,0% Annars umbætur	Skólapúlsinn 3-4x yfir árið. Eineltiskönnun í nóv./des Tengslakannanir í okt. og feb. Nem.viðtöl reglulega
<b>Námsreynsla nemenda</b>	G.gr. 2.1.	Kennarar Stjórnendur	Nemendur Kennarar	Að allir nemendur séu sáttir og hafi námsefni við hæfi. Jákvæð upplifun nemenda af náminu. Annars umbætur	Haust 2021
<b>Framfarir í skólastarfi</b>	G.gr. 2.3	Stjórnendur	Allir starfsmenn	Þegar viðmið um nám og framfarir eru 90% = græn	Apríl 2021
<b>Starfsánægja starfsfólks</b>	Líðan könnun öryggisráðs. Skólapúlsinn Starfsmannakönnun Ak. bæjar	Öryggisráð Stjórnendur Ak.bær	Allir starfsmenn	Þegar 90% starfsmanna eru ánægðir eða mjög ánægðir	Starfsmannakönnun Ak.bæjar er lögð fyrir 3x á ári, í maí, september og desember.  Ánægjukönnun skólans er lögð fyrir í nóv./des.  Skólapúls að vori 2022
<b>Fagmennska starfsfólks</b>	Innlit stjórnenda í kennslu	Skólastjórnendur	Allir kennarar	Þegar viðmið um nám og framfarir eru 90% = græn	Hver stjórnandi tekur eitt viðtal á viku. Fylgt eftir í

					starfsþróunarvið tölum. 2021- 2022
--	--	--	--	--	--

## Langtímaáætlun um innra mat í Glerárskóla

Viðfangsefni	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
<b>Einkunnarorð: Hugu - hönd - heilbrigði</b>					
Skólafélag			Endurskoða 2022-2023		
Starfsánægja starfsfólks	x	x	x	x	x
Fagmennska starfsfólks	x			x	
Ánægja og líðan nemenda	x	x	x	x	x
<b>Nám og kennsla – stefna skólans</b>					
Inntak, árangur, framfarir	Skólanámskrá endurskoðuð að hluta			Skólanámskrá endurskoðuð í heild sinni	
Skipulag náms og námsumhverfi		Skoða sérstaklega - styður námsumhverfi við nám?	Umbætur		Endurskoða þörf fyrir frekari umbætur
Kennsluhættir, gæði náms og kennslu	Þróunarverkefni. Læsi fyrir lífið. Stærðfræðinám	Þróunarverkefni: Strákar, lesur saman. Zankow stærðfræði. Náttúrufræði, Menntafléttan.			
Upplýsingatækni í skólafélagi	Stefna og viðmið	Umbætur			Endurskoða
Námsmatsaðferðir		Endurskoða í kjölfar breyttra kennsluhátta			Endurskoða næst þegar búið er að innleiða nýja

					menntastefnu
<b>Stjórnun og skipulag</b>					
<b>Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi</b>			X	X	
<b>Samstarf heimila og skóla</b>			X	X	
<b>Agastefnur</b>		X	X	X	
<b>Starfshættir, námsvísar, áætlanagerðir</b>		X	X	X	X
<b>Innra mat</b>					
<b>Skipulag</b>	Heildarendurskoðun – gerð skólans um innra mat. Ytra mat	Framkvæmd – umbætur	Framkvæmd – umbætur	Endurskoðun	
<b>Framkvæmd innra mats</b> (hversu vel stenst matsáætlun?)	Heildarendurskoðun	Framkvæmd – umbætur		Endurskoðun	
<b>Umbótastarf í kjölfar innra mats</b> (hversu vel gengur að bregðast við mati?)	Heildarendurskoðun	Framkvæmd – umbætur		Endurskoðun	

Jafnframt eru lagðar til grundvallar mati skýrslur og vinna eftirfarandi stýrihópa og fastaráða sem eru:

- Umhverfisnefnd  
[https://docs.google.com/document/d/1MTvitdD8Nrzz8cZ84\\_L1X3P4exbHvWgdgNthUZjMUP\\_E/edit](https://docs.google.com/document/d/1MTvitdD8Nrzz8cZ84_L1X3P4exbHvWgdgNthUZjMUP_E/edit)
- Grenndarkennsla og umhverfismál  
<https://docs.google.com/document/d/1tfzyuin7RVNJK3uxUONhqYU33LRmNixVzYONOh5og48/edit#>
- Jákvæður agi  
<https://docs.google.com/document/d/1xXSuVRL6dZlxxgpaqQeDLONTsXBtsJFtTHWJ8XsUjfo/edit#heading=h.1y810tw>
- Samskiptaráð  
<https://docs.google.com/document/d/165GTPQW6j4cr5zJtRluS2EHrkfVZm7xXCsu54Ib4JEo/e/dit>
- Öryggisráð  
<https://docs.google.com/document/d/1L1OBAprRO0zKJPbpWihSO849pBj8jzsuaJAHktri8fE/e/dit>

## Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er vefkerfi sem veitir skólum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er með reglubundnum hætti um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum.

Nýjar niðurstöður eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum.

Niðurstöður úr Skólapúlsi eru nýttar til umbóta í innra starfi skólans. Niðurstöðurnar eru kynntar og ræddar á starfsmannafundi að vori.

## Skólapúlsinn nemendur

Nemendakönnunin fer fram í u.þ.b. 40 nemenda úrtökum sem dreift er samhverft yfir skólaárið. Þegar svarhlutfall er lægra en 80% eru niðurstöður ekki birtar og svör nemenda ekki tekin með í landsmeðaltalið.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Virgni nemenda í skólanum</b>				
Ánægja af lestri	4,4	155	4,5	-0,1
Þrautseigja í námi	4,3	158	4,6	-0,3
Áhugi á stærðfræði	4,9	158	4,8	0,1
Ánægja af náttúrufræði	4,3	158	4,7	-0,4*
Trú á eigin vinnubrögðum í námi	4,2	158	4,5	-0,3*
Trú á eigin námsgetu	3,9	158	4,5	-0,6*

Í flokknum *virgni* nemenda standa nemendur Glerárskóla sig marktækt lakar í þremur af sex þáttum miðað við þátttökuskólana. Þeir þættir eru stjörnumerktir. Þættirnir eru *ánægja af náttúrufræði*, *trú á eigin vinnubrögð í námi* og *trú á eigin námsgetu*. Umbætur, sjá umbótaáætlun.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Líðan og heilsa</b>				
Sjálfsálit	4,3	156	4,2	0,1
Stjórn á eigin lífi	4,5	156	4,3	0,2
Vellíðan	4,8	158	4,4	0,4*
Einelti	5,1	158	5,6	-0,5*
Tíðni eineltis (%)	9,6%	15/157	13,6%	-4,0%
Hreyfing (%)	45,5%	71/156	43,7%	1,8%
Hollt mataræði	4,8	157	4,6	0,2



Miklar framfarir hafa verið milli ára í þessum þætti Skólapúlsins.

Skólinn mælist hvergi undir landsmeðaltali. Haldið verður áfram á sömu braut.

	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
<b>Skóla- og bekkjarandi</b>				
Samsömun við nemendahóp	4,9	155	4,8	0,1
Samband nemenda við kennara	4,6	156	4,9	-0,3*
Agi í tímum	4,7	156	4,9	-0,2*
Virk þátttaka nemenda í tímum	4,8	156	5,0	-0,2
Mikilvægi heimavinnu í náminu	4,9	155	5,0	-0,1

Í flokknum *skóla- og bekkjarandi* mælist marktækur munur í tveimur þáttum af fimm á svörum nemenda í Glerárskóla miðað við aðra þáttökuskóla. Nú eru það þættirnir *samband nemenda við kennara* og *agi í tímum* sem er marktækt lægri, þar hefur þó töluvert dregið saman milli ára. Þessir sömu þættir voru einnig marktækt lægri á síðasta skólaári. Umbætur, sjá umbótaáætlun.

## Niðurstöður mats

Gert er ráð fyrir niðurstöðum í þremur þáttum. Þetta árið skilum við niðurstöðum tveggja þátta.

1. Stjórnun og fagleg forysta (ekki þetta árið)
2. Nám og kennsla
3. Innra mat

## Nám og kennsla

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um nám og kennslu voru fundargerðir, skýrslur stýrihópa, niðurstöður spurningalista og niðurstöður starfsþróunarsamtala.

Nám og kennsla		
Inntak og námskrá	Skipulag náms	Líðan nemenda
Árangur náms	Námssvitund	
Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	

Umbætur, sjá umbótaáætlun.

## Innra mat

Gögn sem nýtt voru til að máta við ný markmið og viðmið um nám og kennslu voru fundargerðir, skýrslur stýrihópa, niðurstöður spurningalista og niðurstöður starfsþróunarsamtala.

<b>Innra mat</b>
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

Gæðaráð var stofnað síðastliðið ár og er enn að vinna að skipulagsbreytingum og framkvæmd á innra mati. Umbætur koma í kjölfarið þegar búið er að vinna það skipulag sem framkvæma á með eftirfylgd.

### Heildarniðurstaða innra mats - myndræn

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla			Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Líðan nemenda	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund		Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka		Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga					

Heildarniðurstaða er að margir matsþátta eru sterkir en enn þarf að vinna að því að gera innra matið heildstætt og efla vitund og þátttöku nemenda. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf er viðhaft í skólanum þó þeirri vinnu sé enn ekki lokið. Við lok skólaársins 2024 er stefnt að því að 90% allra þátta verði flestir eða allir sterkir.

### Áætlun um mat á skólastarfi 2021 – 2022

Tími	Aðgerðir	Ábyrgð	Þátttakendur
Ágúst – Október	Undirbúningsvinna stýrihópa	Gæðaráð	Stýrihópur
September	Skýrsla um innra mat kynnt kennurum ásamt umbótaáætlun	Gæðaráð	Kennarar

September/Október	Starfsþróunarsamtöl - 15 mín	Stjórnendur	Starfsfólk
Október	Aðgerðaráætlun endurunnin út frá menntastefnu Akureyrarbæjar	Gæðaráð	Gæðaráð
Október	Skólapúlsinn – nemendakönnun	Tengiliður – Gæðaráð	Nemendur
Október/Nóvember	Rýmingaræfing metin með SVÓT greiningu	Öryggisráð	Starfsmenn og rýnihópur nemenda
Nóvember-desember	Olweusarkönnun lögð fyrir nemendur. Unnið úr niðurstöðum, þær birtar og kynntar fyrir starfsfólki, nemendum og forráðamönnum	Samskiptaráð	Nemendur
Nóvember – desember	Ánægjukönnun starfsmanna	Öryggisráð	Allir starfsmenn
Nóvember	Drög að símenntunaráætlun skólans tilbúin. Drögin lögð fyrir stigstjóra og síðan kennara til umsagnar og samþykktar	Stjórnendur	Fjórir rýnihópar starfsmanna
Nóvember/Desember	Starfsþróunarsamtöl við teymi kennara	Stjórnendur	Kennarar
Desember	G.g. 5.3. Til móts við námsþarfir	Gæðaráð	Kennarar
Febrúar	Skólapúlsinn lagður fyrir, niðurstöður teknar saman og kynntar fyrir starfsmönnum. Einnig settar niðurstöður á heimasíðu.	Tengiliður og Gæðaráð	Úrtak af nemendahópi. (Allir starfsmenn)
Febrúar/Mars	Starfsþróunarsamtöl - 15 mín	Stjórnendur	Starfsfólk
Mars	G.g. 5.2. Kennsla sem leiðir til árangursríks náms.	Gæðaráð	Kennarar
Mars - apríl	Rýmingaræfing metin með SVÓT greiningu.  G.g. 5.5. Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri	Öryggisráð  Gæðaráð	Allir starfsmenn  Allir starfsmenn
Mars - apríl	Starfsmannakönnun Ak.bæjar	Akureyrarbær	Allir starfsmenn
Apríl - júní	Skýrslur stýrihópa, ráða, kennara. Samantekt og úrvinnsla á niðurstöðum úr gæðagreinum og skólapúlsi. Hugmyndavinna að	Gæðaráð	

	mati á símenntunaráætlun. Matskýrsla unnin og kynnt.		
--	--	--	--

## Símenntunaráætlun Glerárskóla 2021 – 2022

<https://docs.google.com/document/d/1QOSyQL1Ao6JnupKSKwPxxOKImLUqb0OZEerMIHCIMX4/edit>

### Umbótaáætlun innra mats Glerárskóla 2021-2022

Umbótaþáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðar aðilar	Endurmat; hvenær, hvernig?	Viðmið um árangur
Skólapúlsinn – Nemendur – Virkni nemenda	Auka áhuga á læsi og trú á eigin námsgetu nemenda	Efla læsiskennslu og virkja nemendur í námi  Umræða við nemendur  Skýrari námsviðmið. Þróunarverkefnið: Strákar, lesum saman.	2021-2022	Kennarar, stýrihópur um læsi, stjórnendur.  Starfsmenn MSHA	Skólapúlsinn 2022	Sterkari sjálfsmynd nemenda  Jákvæðari niðurstöður í Skólapúlsi 2022. Skólinn verði ofan landsmeðaltals
Skólapúlsinn – Ánægja af náttúrufræði	Að auka áhuga nem. á náttúrufræði	Tveir kennarar fara á leiðtoganámskeið hjá Menntafléttunni – leiða síðan náttúrufr. kennslu í skólanum	2021-2022	Kennarar  Stjórnendur	Skólapúlsinn 2022	Að kennsla í náttúrufræði verði efl. Að 90% nemenda sýni aukinn áhuga á náttúrufræði

<p>Skólapúlsinn – Nemendur – Skóla-og bekkjarandi</p>	<p>Að efla aga í tímum og samband nemenda og kennara ásamt virkni nemenda í tímum</p>	<p>Efla notkun á agastefnu skólans, jákvæðum aga.</p> <p>Allir starfsmenn nýti jákvæðan aga.</p> <p>Umræðu- og bekkjarfundir að lágmarki einu sinni í viku.</p> <p>Virkja nemendur með margvíslegum námsverkefnum.</p>	<p>2021-2022</p>	<p>Kennarar, stýrihópur um JA</p>	<p>Skólapúlsinn 2022</p>	<p>Betri agastjórnun</p> <p>Nánari og jákvæðari tengsl milli nemenda og kennara</p> <p>A.m.k. 95% nemenda verði virkir í námi og leik</p>
<p>G.g. 2.3 – Auka árangur í námi og kennslu</p>	<p>Nemendur taka virkan þátt í skólastarfinu og nærsamfélaginu og taka reglulega að sér forystuhlutverk, þ.á m. að vera leiðandi í námi.</p>	<p>Virkja betur nemendur með allskonar verkefnum</p>	<p>2021-2023</p>	<p>Kennarar</p>	<p>G.g. 2.3. - 2023-2024</p>	<p>80 - 90% virkni nemenda</p>

<p>G.g. 2.3 – Auka árangur í námi og kennslu</p>	<p>Áhersla er lögð á virka endurgjöf þar sem nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna. Endurgjöfin stuðlar að hvatningu til náms og nemendur þannig örvaðir til framfara.</p>	<p>Kennarar fá tíma til fagfunda og miðlunar. Úrræði fyrir krefjandi nemendur verði tiltæk.</p> <p>Kenna nemendum að taka ábyrgð á eigin námi.</p> <p>Virk endurgjöf til nemenda og kennara.</p>	<p>2021-2023</p>	<p>Stjórnendur, kennarar, stoðþjónustan</p>	<p>G.g. 2021-2022 G.g. 2022-2023</p>	<p>Allir kennarar virkir í endurgjöf til nemenda.</p> <p>90% nemenda taka ábyrgð á eigin námi og eru sáttir/ánægðir</p>
<p>G.g. 2.3 – Auka árangur í námi og kennslu</p>	<p>Árangur nemenda í og utan skóla er skráður og viðurkenndur. Nemendur skilja hvernig þessi árangur hjálpar þeim að efla þekkingu sína og færni.</p>	<p>Að markmið með námi séu sýnileg öllum nemendum.</p> <p>Skrá markmið hvers tíma á sýnilegan hátt.</p> <p>Að kennarar skrái reglulega í námslotur árangur nemenda og vinni með leiðsagnarmat</p>	<p>2021-2023</p>	<p>Kennarar</p>	<p>G.g. 2021-2022</p>	<p>Nemendur meðvitaðir um nám sitt og markmið með því ásamt því að ná árangri.</p> <p>Allir kennarar tileinki sér þessi vinnubrögð</p>

<p>Agastefna og samskipti – Jákvæður agi</p>	<p>Að fylgja betur eftir agastefnu skólans, efla hana innan skólans og gera hana sýnilegri</p> <p>Efla samræðu nemenda</p> <p>Bekkjarfundir minnst einu sinni í viku</p> <p>Regluleg innlegg frá stýrihópi</p> <p>Kennslustund á stundatöflu tengd JA/Lífsleikni</p>	<p>Halda námskeið í JA á haustdögum</p> <p>Gera stefnuna sýnilegri um skólann</p> <p>Virkja allt starfsfólk</p> <p>Allir bekkir vinni að sömu markmiðum</p> <p>Námskeið fyrir foreldra.</p>	<p>Er alltaf í vinnslu</p>	<p>Stjórnendur, stýrihópur um JA, allir starfsmenn og kennarar auk leiðbeinenda í JA</p>	<p>Vor 2022</p> <p>Gáttlistar</p>	<p>Öflugri eining innan skólans um notkun á JA og þar með betri árangur í agamálum skólans</p>
<p>Olweus - eineltismál</p>	<p>Efla aðgerðir gegn einelti</p>	<p>Efla enn frekar umræðuhópa, bekkjarfundir og JA</p> <p>Kynna niðurstöður</p> <p>Nýta eineltisáætlun enn markvissar</p> <p>Passa vel allar skráningar</p>	<p>Er alltaf í vinnslu og skoðað á hverju ári</p>	<p>Samskiptaráð, umsjónarkennarar,</p> <p>Stjórnendur, allir starfsmenn</p>	<p>Könnun á hverju ári</p>	<p>Öflugri skóli með sterka stefnu gegn einelti. Einelti mælist 3,5% eða lægra innan skólans (í könnun Olweusar)</p>
<p>Rýmingaráætlun og æfing</p>	<p>Gera rýmingaráætlun sem allra besta</p>	<p>Rýmingaráætlun tvisvar á ári. Ein undirbúin og önnur óundirbúin.</p>	<p>Alltaf í vinnslu</p>	<p>Öryggisráð</p>	<p>SVÓT greiningar eftir æfingar</p>	<p>Góð sýnileg rýmingaráætlun sem auðvelt er að fara eftir ef</p>

						<b>hætta steðjar að</b>
<b>Starfspróun n starfsmann a</b>	<b>Efla starfsmenn Glerárskóla samkvæmt stefnu skólans</b>	<b>Virkja alla starfsmenn til að koma með ábendingar um starfspróun</b>	<b>Alltaf í vinnslu</b>	<b>Stjórnendur</b>	<b>Starfspróunar- áætlun unnin á hverju ári í samráði við kennara og starfsfólk</b>	<b>Öflugri skóli - 90% sáttir við áætlun</b>
<b>Umbætur og eftirfylgni</b>	<b>Að klára skipulag við innra mat og fylgja því eftir með umbótum</b>	<b>Gæðaráð vinnur verklag við innra mat og nýtir BRAVOLesson til að meta</b>	<b>2021- 2022</b>	<b>Gæðaráð</b>	<b>Vor 2022 - metið skv. matsþáttum menntastefnu Akureyrarbæjar</b>	<b>90%</b>

## Lokaorð

Skýrsla um mat á skólastarfi var unnin 2020-2021 og birt á vef skólans í ágúst 2021.

Skýrslan fjallar um innra mat í Glerárskóla, matsáætlun skólans og matsgögn. Skýrslan var unnin að mestu á vordögum 2021 út frá því mati sem gert var á skólaárinu. Skýrslan dregur fram veikleika og styrkleika á ákveðnum þáttum skólastarfsins þar sem nemendur og starfsfólk skólans láta skoðanir sínar í ljós í viðhorfskönnunum, í einstaklingsvinnu og hópvinna svo dæmi séu tekin. Þetta er sjötta skólaárið sem Glerárskóli nýtir sér gæðagreina til að meta skólastarfið auk þess sem skólapúlsinn, Olweusarkönnun og aðrar kannanir voru notaðar við innra mat skólans.

Umbótaáætlun var unnin út frá hverjum þætti sem metinn var. Forgangsverkefni voru valin og ákveðið með hvaða hætti þeim skuli fylgt eftir. Leitast hefur verið við að tengja gagnaöflun við sýn skólans og þeim megin markmiðum sem fram koma í námskrá skólans, starfsáætlun og öðrum gögnum sem leiða starf Glerárskóla. Ljóst er að innra mat á skólastarfi er mikilvægur þáttur í því að fylgjast með framkvæmd þess og veitir gagnlegar upplýsingar um stöðu mikilvægra þátta skólastarfsins. Til að efla starf Glerárskóla verður innra mat á skólastarfinu aukið og eflt verulega á næstu árum í tengslum við nýja menntastefnu Akureyrarbæjar. Það verður gert með því að vinna með og ná viðmiðum sem Menntastefna Akureyrarbæjar setur skólanum.



Glerárskóli stefnir að því að nýta innra mat á skólastarfinu til þess að auka gæði skólastarfsins og til að efla anda og samhug starfsmanna, aðstoða nemendur til að ná meiri árangri og efla samstarf heimilis og skóla.